

Áætlun til að skipuleggja heimavinnuna og/eða gera lestraráætlun fyrir próf - namsradgjof@mk.is

Hér eru nokkur góð ráð fyrir ykkur til að æfa skipulag sem getur auðvitað nýst ykkar alla önnina og/eða til að ljúka önninni með glæsibrag !! Einnig ef þú ert heima í sóttkví eða með Covid og hefur heilsu til að sinna náminu þínu þá eru eftirfarandi punktar mjög mikilvægir til að vinna eftir:

1. Skráðu hjá þér skiladag á þeim verkefnum sem þarf að skila á fram á seinasta skóladag. Þú þarft að fara inn í alla moodle áfangana þína og rannsaka – ef eitthvað er óljóst hafðu þá samband við kennarann þinn.
2. Skráðu einnig hjá þér í hvaða próf þú ert að fara í **símatsáföngum og gerðu lestraráætlun(seinasti kennsludagur er 3. des)** – gott að byrja tímanlega! (sjúkrapróf, munnleg próf, osfrv.)
3. Raðaðu svo verkefnum í forgangs röð eftir skilafresti og stærð verkefna(hvað gilda þau mörg % og hvað eru þau löng?) – taktu þér góðan tíma í stærri verkefni. Gott er að vinna þau í smærri lotum (þú þarft að finna hvað þú hefur mikið úthald og athygli). **Ákveddu hvenær þú ætlar að læra í hvaða verkefni og reyndu að standa við það.**
4. **Hvernig kemst ég í gírinn??** Byrjaðu á einhverju skemmtilegu og/eða einhverju sem tekur stuttan tíma. Þá ertu með sjálfstraustið í botni þegar þú prófar að fara í það sem þér finnst erfitt og þú ert búin að vera að fresta. Gott að enda daginn á einhverju fljótlegu og skemmtilegu líka. **Mundu að skila í moodle!**
5. Taktu tímann á því hvað þú ert lengi að vinna hvert verkefni – þannig getur þú betur skipulagt tímann enn betur.
6. Endaðu vinnulotuna á því að ákveða hvað þú ætlar að gera næsta dag eða í næstu vinnulotu og fylltu inn í tímaáætlun hvaða verkefni það verður.
7. Skráðu einnig hjá þér hvaða lokapróf (6.-13.des) þú ert að fara í og merktu inn í áætlun hvenær þú ætlar að lesa og læra.

Á næstu blaðsíðu er svo tímaáætlunin sem þú skráir allt í. Með yfirsýn og skipulagi getur þú minnkað skólakvíða og náð enn betri árangri!



Áætlun til að skipuleggja heimavinnuna og/eða gera lestraráætlun fyrir próf - namsradgjof@mk.is

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur	Sunnudagur
				19. nóv	20.nóv	21.nóv
22.nóv	23.nóv	24.nóv	25.nóv	26.nóv	27.nóv	28.nóv
29.nóv	30.nóv	1.des	2.des	3.des – seinasti kennsludagur	4.des	5.des
6.des – fyrsti dagur í prófaviku	7.des	8.des	9.des	10.des	11.des	12.des
13. des - sjúkrapróf	14.des - jólafrí				Gangi þér vel!!!	